

4. árgangur

1. tölublað

ágúst 1967.

CQ TF DE IRA

Félagsblað okkar var vinsælt og þótti líta vel út í því formi, sem hingað til hefur verið notað. Því miður hefur offset fjölritun þess reynst sjóði okkar of þung.

Við höfum komið að þeirri niðurstöðu, að æskilegt væri að nota ódýrari fjölritun. Forminu hefur því verið breytt og pappír keyptur.

Hugmyndin er sú, að sérhver félagi eignist lausblaða möppu. Í henni mætti varðveita öll blöðin svo og önnur skjöl frá félaginu, bréf og þvílíkt. Við viljum aðeins ráðleggja ykkur eitt: KAUPIÐ MÖPPU STRAX Í DAG, þá munu öll blöðin varðveitast.

TF3SG.

Framhaldsaðalfundur

verður haldinn

fimmtudaginn hinn 31. ágúst 1967

kl. 20.30 að Fríkirkjuvegi 11, kjallara

Dagskrá: 1) Lagabreytingar - tillögur að lögum fylgja þessu blaði.
2) Höfð verður sendistöð á fundarstað og hún starfrækt.

Félagar: fjölmennið.

Refaveiðar

Fjórir refaveiðar I.R.A. verða haldnar sunnudaginn 10. sept. og hefjast kl. 13.30, keppendur mæti til skrásetningar á byrjunarstað, sem er Vífilstaðir, í síðasta lagi kl. 13.00. Leitarsvæðið miðast við hring með sjö km radíus dreginn með miðpunkt í Vífilstaðavatni. Keppendur mega aðeins ferðast gangandi.

Sent verður út með tíu mínútna millibili, eina mínútu í senn, unzt allir hafa fundið refinn, þó ekki lengur en til kl. 18.00. Allar

Útsendingar byrja og enda með orðunum: "TF3IRA - Refur fjórði."

Keppendum er bent á að auðvelt er að útvega sér kort af svæðinu hjá Landmælingum Íslands, Suðurlandsbraut 178, 3. hæð, (verð kr. 70,-). Keppendur geta auðveldlega komist á byrjunarstað með Vífilstaða-strætisvagninum, en hann fer frá BSR í Lækjargötu kl. 12.30. Reynt verður að hafa smíða- og leiðbeiningakvöld viku fyrir refaveiðarnar, en það verður ákveðið nánar á aðalfundinum sem auglýstur er hér að framan.

Að lokum er það mín von, að sem flestir (helzt allir) radióáhugamenn taki þátt í þessari keppni, því það verður ekki auðvelt að finna mig ha-ha-ho-ho-hí-hí bö.

Refurinn (TF3JA)

Transistorinn


Samsetning og eiginleikar:

Transistor er tæki, sem hægt er að nota til að magna upp veikar raf-sveiflur, búa til rafsveiflur o.s.frv. á líkan hátt og fyrirrennari hans glóðarlampinn (vacuum tube). Í glóðarlampanum fer straumar electróna frá einni plötu til annarar gegnum vacuum en í transistor fara electrónurnar eftir efninu sjálfu. Þegar talað er um leiðni í transistor er oftast notuð hin pösítíva leiðni, þ.e. "holur" eftir electrónur. Straumstefna holanna er öfug við electrónustrauminn en hleðsla. Holu er jafnstór hleðslu electrónu og með öfugu formerki. Efnin, sem notað eru í transistora frumefnin germanium og sílicon, eru svokallaðir

hálfleiðarar, þ.e. eru illa leiðandi við S.T.P. (S.T.P. = standard temperature og pressure, þ.e. miðað við að hitastigið sé 20 C og þrýstingur eins og loftþrýstingur við sjávarmál) en algerir einangrarar við absolut núllhitastig. Efnin eru kristalseruð og atómbindingar co-valent, gildis-electrónur eru fjórar.

Munurinn á þessum tveimur efnum er aðallega sá að silicon þolir herra hitastig en germanium. En í svona hreinu ástandi væru efnin algerlega gagnslaus því eina leiðnin í þeim stafar af brotnum bindindum vegna hitavibrationar (thermal agitation). Til að gera efnin nothæf (activation) er bætt í þau atómun af efni með annarsvegar (of arsenik) 5 gildis electrónum og fæst þá svokallað N-material, sem hefur "góða electrónuleiðni" og hins vegar efni með 3 gildiselectrónum (indium, gallium eða aluminium) og fæst þá svo kallað P-material með góða holuleiðni. - Til að auka leiðnina 10-15 sinum þarf eitt atóm af aukaefninu per 10 atóm af germanium. P og N efnin eru neutral **út** á við vegna sífelldrar ummryndunar á atómbindingum.

Til að útskýra hvernig transistor vinnur er bezt að athuga fyrst crystaldíóðu. Hún er samsett úr tveim kristöllum P-efni og N-efni (sjá mynd). Enda þótt efnin séu neutral útá við eru




í rauninni fleiri hreyfanlegar electrónur en holur í N-efninu og fleiri hreyfanlegar holur en electrónur

P-efninu. Electrónurnar reyna því að komast frá N-efninu yfir í P-efnið og holur frá P-efninu yfir í N-efnið. Þessir

tveir straumar nefnast (diffusion) flæðistraumar. Vegna þessara strauma myndast þunnt hleðslulag sitt hvoru megin við snertiflötinn og vegna þessa hleðslulags myndast spennunur milli P og N kristallanna, þessi spenna nefnist barrierspenna og hefur þá stefnu, að hún getur dregið electrónur úr P-efninu yfir í N-efnið og holur úr N-efninu yfir í P-efnið. Þessir straumar kallast sviðstraumar (field-current) og hafa greinilega öfuga straumstefnu miðað við flæðistraumana. Við einhverja ákv. barrierspennu kemst á jafnvægi milli sviðs- og flæðistraumanna og heildarstraumurinn milli kristallanna er núll. Ef nú er sett forward-spenna á díóðuna, þannig að Plús-póll spennugjafans er tengdur við P-efnið og mínus-pólinn við N-efnið, þ.e. P-efnið gert pösitívvara en N-efnið, er sýnilegt, að þessi spenna er öfug miðað við barrierspennuna, svo að flæði-straumarnir verða yfirgnæfandi og díóðan leiðir og straumurinn eykst ef álagða spennan hækkar. Ef aftur á móti pólun spennugjafans er snúið við, þ.e. díóðan reverse-spennt, bætist álagða spennan við barrierspennuna og flæðistraumarnir minnka, þ.e. einu straumarnir í gegn eru sviðstraumarnir. Reversestraumurinn er kallaður lekastraumur. Gæði díóðunnar er þeim mun meiri, sem lekastraumurinn er minni.

Díóða er einkum notuð til afriðlunar eða sem electróniskur rofi, þ.e. hún leiðir því aðeins að hún sé forward-spennt,

Transistorinn er raunverulega tvær díóður með einn kristal sameiginlegan (sjá mynd). Þetta er PNP transistor og verður eingöngu um hann rætt her, en líka eru til NPN transistorar og er eini munurinn að álagða spennan verður að snúa öfugt í NPN miðað við PNP.



Við venjulega notkun á transistor er emitter-base díóðan forward-spennt með nokkrum tíundu hlutum úr volti en collector-base díóðan reverse-spennt með nokkrum voltum. Við þetta fer straumur af holum frá emitter yfir í base og vegna þess að transistorar eru smíðaðir þannig að base-lagið er mjög þunnt fara holurnar alveg yfir að collector-base snertifletinum vegna áhrifa emitter-base spennunnar og síðan yfir á collector. Þannig er hægt með veikum straumi á base að stjórna sterkari straumum milli emitter og collector.

Framhald í næsta blaði.

TF3JA

Radioföndurnámskeið veturinn 1966 - 67.

Æskulýðsráð Reykjavíkur gekkst fyrir tveim radioföndurnámskeiðum eins og fyrri vetur. Hvort þeirra tók tvo mánuði. Kennari á því fyrra var Ágúst H. Bjarnason, TF30M en Ágúst Sigurðsson, TF3AU sá um það seinna. Námskeiðin voru haldin í húsakynnum fálagsins að Fríkirkjuvegi 11, þriðjudags- og miðvikudagskvöld. Þátttakendur voru samanlagt 62 og mættu þeir allvel. Smíðuð voru tæki allt frá einföldum krystaltækjum upp í flókin stuttbylgjutæki og gekk flestum vel að fá þau til að vinna. Það kom greinilega í ljós að þeir sem yngri voru höfðu mjög mikinn áhuga, stundum svo mikinn að kennurunum þótti nóg um. Meðalaldur þátttakenda var u.þ.b. 14 ára, sá yngsti 12 ára en elsti 19.

TF3AU

Staða og þýðing radioáhugamanna í þjóðfélaginu.

Á vegum ARRL hefur hjá Stanford Research Institute verið gerð sérstök athugun á áhrifum starfsemi radioamatöra, um starfsval, framtak í þjóðfélaginu, stofnun fyrirtækja á sviði radio-iðnaðar og skyld mál.

Þessi skýrsla hefur nú borist félaginu, og er hún mikið rit.

Nú fer í hönd endurskoðun á úthlutun tíðnisviða fyrir hinar fjölbreytilegu starfsemi fjarskipta um allan heim. Þau lönd, sem hæst eru þróuð í radio-iðnaði, hafa stutt radioáhugamenn á undanförnum áratugum.

- Eigi af ástæðulausu því lesa má úr niðurstöðum gerðrar athugunar, að þáttur radioamatöra og innlifun þeirra í tæknina, hefur verið mjög þungur á metum í uppbyggingu ýmiss konar fjarskiptaiðnaðar.

Það er radió-áhugamönnum áhyggjuefni, að nú eru komnar í samfélagið margar nýjar þjóðir, sem hafa fram til þessa eigi notið afraksturs radióáhugamanna, - og sumar teljast almennt vanþróaðar. Ráðamenn þeirra þekkja ekki tæknina og amatörana.

Skýrslunni, sem við fengum, er eigi sízt ætlað það hlutverk að kynna ráðamönnum þýðingu amatör-fjarskipta.

Íslenskir radió-áhugamenn hafa ástæðu til þess að reikna með skilningi íslenskra ráðamanna um fjarskipti, er til atkvæða kemur um úthlutun tíðnisviðið. Land vort er í þjóðbraut norðuratlantshafs. Það er víð-áttumikið, og við stundum fiskveiðar, mannflutninga yfir úthöfin og svo margt annað. Sem önnur háþróuð lönd krefst Ísland margra radió kunnáttumanna. - Ísland gæti og tvímælalaust þróast lengra á braut radió-iðnaðar, að því gætu radióamatörar stuðlað.

Ég get ekki látið hjá líða, þar eð sumum finnst tal og viðskipti okkar' hégómi, að minnast þess, að mér finnst og truflana sendingar, ýmsar dagskrár útvarpsstöðva og margt annað, sem á bylgjunum heyrast eigi vera til fyrirmyndar og stuðningsvert. Hvað snertir innihald alvarlegri fjarskipta leyfi ég mér að fullyrða, að það sé stuðningur við ýmis konar hégóma svo sem lystiferðir, eða annað ennþá verra. Eigi skal þetta þó sagt til að gera lítið úr þýðingu fjarskipta -communications í athafnalífinu. Hvað nýtingu snertir, eru bylgjur amatöra nýttar til hins ýtrasta, og eru til fyrirmyndar öðrum þjónustusviðum.

Ekki þykir fært að lýsa hér skiptingu amatöra eftir starfsstéttum. En það er að skilja, að þeir teljist almennt til betra manna, en það þykir okkur sjálfum litlar fréttir.

Skýrsla Stanford telur ýmis þekkt nöfn. Sumir stofnuðu smá firmu, sem síðan þróuðust í mikilvæg framleiðslufyrirtæki. Margir kannast við amatöranöfnin Collins, Eitel, Halligan, Millen, Johnson, Page -meðal firma, sem valið hafa sér amatöra sem forstjóra má nefna:

RCA, NBC, General Motors, Sperry Rand, Standard oil Calif., ... Jafnvel Herbert Hoover jr., Feisal í Arabíu, Hassan í Marokko og fleiri eru aktífir amatörar.

Íslenskt ungmenni mega feta í fótspor þessara athafnamanna, - finna hið rétta hlutfall milli tómstunda, starfs, náms og fjölskyldu. - Ekki er fært að fara lengra að sinni í efni skýrslunnar - en ef til vill kemur meira seinna.

Þagnað merki.

Þann 3. desember 1966 kvaddi TF3MB, Magnús G. Blöndal og hvarf yfir á hinar víðáttumiklu DX - stöðvar.

Magnús var mjög virkur amatör um fjölmörg ár, en vegna vanheilsu gat hann ekki stundað aðaláhugamál sitt eins og hann hefði kosið. Hugur hans var þó bundinn við amamtörstarfsemina og kunni hann frá mörgu skemmtilegu að segja á vinafundum.

Vinsældir Magnúsar voru með ágætum meðal innlendra og ekki síður meðal erlendra amatöra, enda gengdi hann skyldum sínum, sem amatör, með ágætum.

Far vel vinur, við minnumst þín vel.

TF3EA

DX fréttir:

TF3EA.

TF3EA hefur mest verið á 14 og 21mc, skilyrði hefur verið mjög léleg síðastliðnar 3 vikur, en opnanir hafa þó komið á óvart.

Skilyrði fara batnandi með haustinu og 21 og 28 mc munu verða glæsileg. Asia fjær er bezt um kl. 14-18 Zone, Afrika kl. 18-20 Z, síðan kemur SA og NA á kvöldin Fb.

21mc SSB, CE0 AE (01) W3DWG/VR6 (01) VU2BK (18) 5Z4KO (18) EA6AR (18) EAOEJ (19) og margir Fb Dx fyrir þá sen eru að byrja Dx veiðar.

14- SSB 9LIKG(20) 9VIOE(18) ET3USA(01) ZEIGDS(18) PA9EO(17) VU2CK(16) ZS6BAD(19) 9M2BO(19) HK0AI(22) ZD9AM(21) ZD9BI(21) VS9MB(19) UA9 og UA0 um kl. 16-1900 Z. UA1CK/JTI/16) VK6XY(08)VK9XI(09)

Ef einhver nennir að vakna um kl. 06-07 má vænta Fb frá Oceania.

14- Cw TA1SK(16) ZA1VC14) VP8JD(21)

Don Miller fer að byrja og mun fara á milli staða í Indlands-hafi.

Að lokum tilmæli til TF frá Einari:

Notið 14300-14320 fyrir innanbæjar og móbilesked.

TF3AU.

TF3AU hefur eingöngu verið á Cw, og frá honum fengum við eftirfarandi:

14mc Cw LU1CS(02) GI3SXG(20) VP8VB/p(22) PI1LC/mm(01) UD6BV(21) 4X4YY(21) 6W8DW(20) 4U1ITU(23) CR6HG(21) W1AW(02) HP1XYZ(01)

TF2WKI.

14mc SSB 9VINV(19) VS9MB(20) MP4MAX(18) KR6MB(16) EL2AC(19) CT1BT(20).

Þessar DX fréttir verða að nægja að sinni, en vonandi færast meira fjör í menn þegar líða tekur a haustið.

TF/HS

Innlent "activity"

Heldur hefur verið lítið um innlend QSO undanfarið ár og er þar sennilega mest um að kenna að þeir TF30M, TF3JA, TF3HS, TF3MA og TF3JJ fengu sér allir EICO transceiver síðastliðið sumar og hafa síðan haldið sig mest á 14 Mc.

Hinar gömlu kempur TF3CJ, TF3DX og TF3KB heyrast ekki lengur og er aðeins eftir TP5TP sem hitar upp 3505 kc öðru hverju en hefur sjaldnast neinn til að tala við. Öðruvísi mér áður brá þegar fastur liður var á hverjum sunnudagsmorgni, núverandi EICO eigendur, þá hver með sitt hook-up plús Tóti, ræddu um allt frá jarðtenglum uppí loftnet. Nei, þeir gömlu góðu dagar mega ekki gleymast og verða að endurnýjast. Hví ekki að reyna sendana á 3505 kc ákveðinn hálf tíma á hverjum degi t.d. frá kl. 20.- til 20.30. Hver verður fyrstur til að þíða 3505 kc ?

Frétzt hefur að tveir nýjir amatörar hafi bætzt í hópinn fyrir þremur mánuðum síðan, þeir TF3BV og TF3TF (hw abt it !). Annar þeirra hefur aðeins komið í loftið nokkrum sinnum en hinn aldrei, Hvað veldur ? Hér áður fyrr gátu menn varla beðið eftir leyfis-bréfinu áður en þeir voru komnir í loftið. Hefur áhuginn minnkað eða er kannske eitthvað athuga-vert við félagsandann!

Þeir SWAN eigendur TF3EA og TF3IC halda sig einnig svo til eingöngu við 14 MC SSB a.m.k. sá fyrrnefndi, en sá síðarnefndi, TF3IC, kemur þó nokkrum sinnum á 80 m og er helst stuðningsmaður 3505 kc um þessar mundir. Annars hefur hlerast að hann og TF3JJ séu að leika sér í snúsnú milli bambusstanga á sunnudagsmorgna hist og her út um landsbyggðina. Hvernig væri að leyfa fleirum að hoppa með ?

TF3AU er okkar langduglegast cw-dx er núorðið og hann er helst að finna neðst á 14 Mc bandinu. Þar heldur TF3AB sig líka oftast, en hann hefur ekki verið mikið í loftinu í sumar.

TF3AS/M hefur sennilega kortsluttað hjá sér loftnetið eins og fleiri góðir menn, sem lítið hafa heyrst þessi tvö ár sen ég hef verið í loftinu og þekki ég þá aðeins af afspurn. Eða eru þeir kannske búnir að gleyma að þeir hafa enn amatörleyfi t.d. TF3SG, TF3ST, TF3NA, TF3SF, TF3PI, TF3KA. og TF3KG svo einhverjir séu nefndir. Hvernig væri að þurrka af míkrofónunum, ræskja sig, telja upp að þremur og prófa að kalla eitthvert kvöldið á 3505 kc.

Tveir varnarliðsmenn, sem báðir hafa búið hér lengi eru mjög actívir á 14 Mc. Þeir eru TF2WHI og TF2WKI. Sá síðarnefndi er sérlega áhugasamur og langar til að koma á stöðugu sambandi milli varnarliðsmanna og Ís-landinga.

Í þeirri von að menn fari fljótlega að flattoppa í loftinu segi ég
s j ö t í u o g þ r í r.

TF3JA

Bréf til blaðsins

Félaginu hafa borizt nokkur bréf frá ungum áhugasömum mönnum, þar semfarið er fram á upplýsingar eða teikningar af ýmsum tækjum. Þar sem viðtakendur bréfanna eru engir galdramenn og geta því ekki hrist fram úr erminni svo flóknar teikningar eins og t.d. af magnara fyrir bassa-gítar, og eru þar að auki Önnum kafnir við Önnur störf hefur því miður ekki verið unnt að svara þessum bréfum sem skyldi. Í þess stað ætlun við að svara þessum bréfum lauslega í blaðinu og senda þessum ungu mönnum eintak.

Halldór B. Árnason, Austurvegi 30, Vestmannaeyjum biður um upplýsingar um félagið og spyr hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að gerast félagi. Auk þess biður hann um teikningar af einföldum radiótækjum.

IRA er félag þeirra er hafa áhuga á amateur radió og/eða rafeinda-tækni. Geta allir þeir sem eru áhugasamir gerzt félagar. Blaðaútgáfa félagsins hefur verið lítil undanfarið m.a. þar sem menn greindi á um hvort ætti að gefa blaðið út prentað eða fjölritað, en framvegis líður væntanlega ekki langur tími milli blaða. Árgjald félagsins er kr. 150.00 og er innifalið í því áskrift að blaðinu. Félagið hefur til umráða tvö herbergi að Fríkirkjuvegi 11 og hafa félagsmenn þar aðstöðu til smíða og fundarhalda. Félagið hefur staðið fyrir nám-skeiðum í morsi og séð um námskeið í radióvinnu. Viðvíkjandi teikningar þær er Halldór biður um, þá birtast þær annað slagið í blaðinu.

Sigurður Gunnarsson, Lambhaga, Skilamannahreppi biður um upplýsingar um "labb rabb" tæki.

Tæki þessi kosta frá um 700.00 kr. til kr. 4.500.00 stykkið og draga þau frá um 1/2 km. þau ódýrustu til allt að 10 km. eða lengra hin dýrustu. Stofngjald til Landsímans er kr. 400.- pr. stykki og árgjald eftir það kr. 250.- pr stykki. Notendur slíkra tækja þurfa að vera a.m.k. 18 ára,

Jón Ingvarsson, Brekku, Aðaldal, S-Þing. spyr um transistormagnara fyrir plötuspilara. Því er til að svara, að mjög auðvelt er að smíða slíkan magnara, hafi maður einhverja reynslu í smíði slíkra tækja eða góða kennslubók. Engin bók um transistortækni er til á íslenzku, en þú ættir að fá þér bókina "Transistorer i Praksis" eftir J. Fialla Og P.Almind og er hún gefin út af Berlinske Forlag. Þessa bók er unnt að panta hjá bókaverzlun Snæbjarnar Jónssonar eða Mál og Menningu. Í bókinni eru mjög góðar teikningar af transistormögnurum, sendum fyrir fjarstýringu, viðtækjum o.m.fl. Auk þess er í bókinni ágrip af transistortækni.

Björgvin Kristjánsson, Hólastíg 3, Bolungarvík biður um teikningu af magnara fyrir bassagítar. Þar sem við höfum enga slíka teikningu við hendina, viljum við benda þér á bókina er vísað var á hér á undan.

TF30M

CQ-TF de IRA er gefið út af Íslenzkum Radio Áhugamönnum. Bréf til blaðsins eða félagsins sendist IRA Pósthólf 1058, Reykjavík. Ritstjóri CQ-TF de IRA er TF30M (Ágúst H. Bjarnason) sími: 14797.

Transistorkonverter fyrir 80 metra

Í grein sem birtist í blaðinu í Marz 1966 bls. 3 hafa slæðst inn nokkuð margar villur. Góðfúslega takið fram blaðið og leiðréttið eftirfarandi:

Í þriðju línu á að vera $L_2 C_7$.

- 7 - - - - $L_5 C_{13}$.

- 10 - - - - $L_3 C_{15} C_{16}$ og er hún 1 Mr/s ofar.

Í 5. línu að neðan: Spóluförmin fyrir $L_{1,2,3,4}$ eru 0 7mm með kjarna, en fyrir $L_{5,6}$ 0 7mm.

Og í næstu línu: Í stað spólunnar L_1 .

Spólutafla :

L_1, L_2 : 60 vöf, úrtak við 10 vaf 0.25 mm þráður.

L_3 : 50 - - - 7 - - - -

L_4 : 6

L_5 : 120 vöf Litz-vír

L_6 : 25 vöf 0.25 mm þráður

$L_5 L_6$: Fyrir 455 kr/s millitíðni er notaður lítill millitíðnisþennir fyrir transistorviðtæki.

TF30M

Til sölu

Hver vill kaupa DX-40 sendi (75w CW, 40w AM, 80,40,20,15 og 10m) VFO og balun. Verð um kr 7.000.-. Einnig viðtæki S-120.

Talið við Ágúst TF30M, sími 14797.

Fyrir aðeins kr. 9.500.- (kostnaðarverð kr. 10.604.92) getur þú eignast 200w PEP 80,40 og 20m EICO tranceiverkit.

Hafið samband við Jón í síma 38324.

... .-. -. .-. -..

9. Scandinavian Activity contest verður háð sem hér segir:

CW : 16. sept. 1500 GMT - 17. sept. 1800 GMT.

Fone : 23. - 1500 - - 24. - 1800 -

Log verður að senda fyrir 15 október til SRAL Box 1030, Helsinki. Skulu þátttakendur reyna að hafa sem flest QSO við LA, JW, JS, OH, OH0, OX, OY, OZ og SM/SL stöðvar. Skiptast skal á RST+nr á QSO. S QSL

-...-

IRA hélt morsenámskeið síðastliðinn vetur og þreyttu 4 próf í vor, en 2 stóðust. Voru það þeir Einar Símonarson og Guðmundur H. Jónsson.

-...-


Frændur okkar Færeyingar eru orðnir meðlimir í I.A.R.U., sem er alheims-samband radioaraatöra. TIL HAVINGJU OY-ARAR.

-...-

Færeyingar gefa út myndarlegt blað, fjölritað. Í síðasta blaði er m.a. Þýðing á dönskum tækniorðum yfir í færeysku, grein um jónosferuna, viðtal við TF3JA sem var í brúðkaupsferð í Færejum, teikning af 20w úttransistorsendi, hugleiðingar um húsnæðisrónál FRA o.m.fl. Færeyingar virðast vera mikið duglegri að skrifa en við, og megum við skammast okkar.

-...-

STILLUM SENDANA Á 3505 kc OG BRÆÐUM ÍSINN - LÍF Í LYKLANA.



Refamiðunartæki.

Hér að ofan er teikning af miðunartæki fyrir 80 m. Heyrnar-tólin þurfa að vera um 50 OHM, og er ágætt að nota lítil tól sem gerð eru fyrir transistortæki.

Bezt er að smíða tækið á plastplötu eða jafnvel á góða pappaplötu. Loftnetsspólan er undin á ferritstöng, ca. 20 cm langa og 1 cm í þvermál og er ágætt að hafa plaströr til hlífðar ferritinu, því það er heldur stökkt. Tækið má smíða í alumín eða blikkkassa, en þá verður ferritloftnetið að vera utan á kassanum. Samskonar tæki og þetta voru notuð með góðum árangri í síðustu refaveiðum.

R ₁	10K	OHM	C1	2 uf
R ₂	10K	-	C2	0,01
R ₃	5,6X	-	C3	30 pf
R ₄	1K	-	C4	10 pf
R ₅	50K	-	C5	330 pf
R ₆	10K	-	C6	2 uf
R ₇	820	-	C7	39000 pf
R ₈	5,6K	-	C8	2 uf
R ₉	10K	-	C9	2 uf
R ₁₀	5,6K	-	C10	2 uf
R ₁₁	33K	-	C11	2 uf
R ₁₂	5,6K	-		

Öll viðnán 1/2 W

L₁ = 15 vöf á ferrit

L₂ = 1mH t.d. spóla úr gömlum millitíðni-spenni (eða RF choke).